



1930 - 2015

## Rafveita Reyðarfjarðar

**Laugardaginn 19. september verður 85 ára afmæli Rafveitu Reyðarfjarðar fagnað**

Afmælishátíðin hefst á vígslu nýju brúarinnar yfir Búðarárstíflu, sem rafveitan hefur haft forgöngu um. Þá verður alvöru grillveisla að hætti Rafveitu Reyðarfjarðar haldin við rafstöðvarhús. Grillumsjón hefur björgunarsveitin Ársól.

Rafveita Reyðarfjarðar var gangsett 1. apríl 1930 og er sú næstelsta á Austurlandi. Virkjun Búðarár var mikið þrekvirki á þess tíma mælikvarða og var virkjunin sú stærsta í landsfjórðungnum allt þar til Grímsárvirkjun var tekin í notkun seint á sjötta áratug.

Búðarárvirkjun er einnig söguleg að því leyti að íbúar Reyðarfjarðar komu með virkum hætti að gerð hennar, en ákvörðun um rafvæðingu Búðarár var tekin á almennum borgarafundi 12. janúar 1929.

Rafveita Reyðarfjarðar 85 ára

Kl. 17:00 Nýja rafveitubruin yfir Búðarárstíflu vígð

Kl. 18:00 Afmælisgrill að hætti Rafveitu  
Reyðarfjarðar við rafstöðvarhús.

**Allir velkomnir**

